

Nr. 081 / 09 Gullberg VE 292***Skipverji klemmist á hendi***

Skipaskr.nr. 2747
Smíðaður: Noregi 2000, stál
Stærð: 337,8 brl. 599,6 bt.
Mesta lengd: 37 m Skráð lengd: 31,9 m
Breidd: 10,4 m Dýpt: 6,53 m
Vél: Caterpillar 1056 kW, 2000
Fjöldi skipverja: 12



Gullberg©Guðmundur ST Valdimarsson

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 2. nóvember 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 16. júní 2009 var Gullberg VE 292 á siglingu á Vestfjarðamiðum NV af Patreksfirði. Veður: Logn. Gráð.

Skipverjar voru að ganga frá afla í lest og færa til fiskikar sem renna átti í pláss á milli tveggja annarra. Stíft var að ýta því en þegar það rann inn á milli karanna varð annar þeirra of seinn að sleppa handtakinu svo þumalfingur varð á milli og sprakk fyrir á fremstu kjúku.

Hann leitaði til vakthafandi skipstjórnarmanns sem lokaði sárinu með tveimur sporum og batt um fingurinn.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.